

Rætt um komandi kjarasamninga

Fundað með hjúkrunarfræðingum um allt land

Umsjón: Kjarasvið Fíh

Í janúar og febrúar héldu formaður og starfsfólk kjar- og réttindasviðs Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) í fundarröð um landið til að ræða við hjúkrunarfræðinga um væntanlega kjarasamninga en gerðardómur gagnvart ríkinu rennur út í lok mars. Góð mæting var á fundina og ljóst að mikill hugur er í hjúkrunarfræðingum og þeim umhugað um stöðu kjaramála.

Samninganefndir Fíh og ríkisins hittust á fyrsta fundi í byrjun febrúar og var ákveðið að flýta fundunum með hjúkrunarfræðingum um landið áður en lengra væri haldið í viðræðum.

Þegar þessi grein er skrifuð, í lok febrúar, hafa samninganefndir Fíh og ríkisins hist á tveimur fundum. Trúnaður ríkir um efni fundanna og verður því ekki hægt að upplýsa félagsfólk um stöðuna hverju sinni á meðan viðræðum stendur. Samninganefndin samanstendur af formanni og starfsfólki kjarasviðs, ásamt tveimur hjúkrunarfræðingum á tveimur stærstu vinnustöðum hjúkrunarfræðinga, Landspítala og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Þeim til stuðnings er stjórn Fíh og trúnaðarmannaráð félagsins sem skipað er úr hópi trúnaðarmanna víðsvegar um landið.

Miðlunartillagan og kjarasamningarnir sem losna í lok mars snúa að ríkinu, Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu, Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, en innan þessara samninga starfa 93% hjúkrunarfræðinga. Þar af starfa um 83% þeirra hjá ríkinu og hefur það verið hefðin að beðið sé eftir samningum við ríkið áður en haldið er lengra með öðrum viðsemjendum þar sem óhjákvæmilega hefur niðurstaðan við ríkið áhrif á aðrar viðræður í ljósi fjöldans sem þar starfar.

Á fundunum með hjúkrunarfræðingum var farið yfir helstu áherslur félagsins fyrir komandi kjaraviðræður, sem byggja meðal annars á niðurstöðum funda með hjúkrunarfræðingum um landið vorið 2022, kjarakönnunar hjúkrunarfræðinga og kjararáðstefnu með trúnaðarmönnum síðastliðið haust. Mikill

„... er vaktahvatinn og fleiri atriði til endurskoðunar í stýrihópnum með það að markmiði að reyna að lagfæra fyrir komandi kjarasamninga.“





Guðbjörg Pálsdóttir, formaður Fih ásamt starfsmönnum kjarasviðs Fih.

samhljómur var um þær áherslur sem hjúkrunarfræðingar vilja setja á oddinn og hafa verið settar fram í kröfugerð félagsins. Fjölmargar góðar ábendingar bárust frá hjúkrunarfræðingum um mörg atriði sem samninganefndin þarf að hafa í huga við samningaborðið.

Helsta krafan er um hækkun grunnlauna ásamt því að virði starfa hjúkrunarfræðinga verði endurmetið í samræmi við ábyrgð og álag í starfi og í samanburði við aðra háskólamenntaða starfshópa. Meðal annarra áhersluatriða sem hjúkrunarfræðingar nefndu á fundunum er að festa styttingu vinnuvikunnar í sessi, endurskoðun álagsgreiðslna, gerð mönnunarviðmiða, stórbæta þurfi starfsumhverfi og öryggi hjúkrunarfræðinga og sjúklinga. Hjúkrunarfræðingum var einnig tíðrætt um vaktahvatann sem er hluti af verkefninu Betri vinnutíma sem samið var um í kjarasamningum 2020 fyrir vaktavinnufólk. Fih á fulltrúa í stýrihóp verkefnisins ásamt fulltrúum bandalaga og atvinnurekenda. Þegar þessi grein er skrifuð er vaktahvatinn og fleiri atriði til endurskoðunar í stýrihópnum með það að markmiði að reyna að lagfæra fyrir komandi kjarasamninga.

Á þessum tímapunkti er ekki hægt að segja til um áhrif viðræðna á almenna markaðnum þar sem þeim er ekki að fullu lokið en ljóst að þeirra mun gæta á okkar samningsumhverfi eins og annarra. Þar hafa verið undirritaðir samningar til skemmri tíma en með samkomulagi milli aðila um ákveðin meginatriði sem vinna á að á samningstímanum. Markmið samninganefndar Fih er að nýr samningur við ríki taki við af miðlunartillögnum sem rennur út 31. mars nk. Óvíst er á þessum tímapunkti hvort það takist eða ekki.

Hjúkrunarfræðingar eru hvattir til að fylgjast með fréttum frá Fih um gang viðræðna og hafa samband á kjarasvid@hjukrun.is vilji þeir koma einhverju á framfæri við samninganefndina.

„Mikill samhljómur var um þær áherslur sem hjúkrunarfræðingar vilja setja á oddinn og hafa verið settar fram í kröfugerð félagsins.“

